

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur náttúrufræðinga, sem starfa á sérhæfðum rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Rétt til að kalla sig og starfa sem náttúrufræðingur í heilbrigðisþjónustu hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur B.S. prófi eða sambærilegu háskólaprófi í raungreinum með höfuðáherslu á greinar heilbrigðisvísinda (medical science); frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfraði og kerfislíffræði, ásamt eins árs starfsþjálfun á sérhæfðum rannsóknastofum heilbrigðisstofnana, sem eru rannsóknadeildir Ríkisspítala, Borgarspítala, Landakotsspítala, rannsóknarstofa Hollustuverndar ríkisins, rannsóknastofa Krabbameinsfélagsins í frumu- og sameindalíffræði og sambærilegar stofnanir innanlands eða erlendis, eða hafa framhaldsmenntun í greinum heilbrigðisvísinda. Leita skal umsagnar Félags ísl. náttúrufræðinga og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Náttúrufræðingur skv. reglugerð þessari starfar að sérhæfðum þjónustu- og/eða grunnrannsóknum, sem tengjast greiningu sjúkdóma og stuðla að auknum skilningi á orsökum og eðli þeirra.

4. gr.

Náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu starfa á sérhæfðum rannsóknastofum heilbrigðisstofnana, sem taldar eru upp í 2. gr. Þeir sjá um þjónustu- og/eða grunnrannsóknir á sínu sérsviði, annast úrvinnslu gagna, fræðslu og þjálfun.

5. gr.

Óheimilt er að ráða í störf náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. reglugerð þessari, nema í starfsþjálfunarnám skv. 2. gr. hér að ofan.

6. gr.

Náttúrufræðingi í heilbrigðisþjónustu er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur gilda um aðstoðarfólk, sem náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu hafa í starfi.

7. gr.

Náttúrufræðingi í heilbrigðisþjónustu ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Um náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 53/1988, svo sem um viðurlög við broti í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt fram til 1. mars 1992 að veita þeim náttúrufræðingum, sem eru í starfi á sérhæfðum rannsóknarstofum, sbr. 2. gr., starfsleyfi, hafi þeir starfað í þrjú ár samfelld við gildistöku reglugerðarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um tannverndarsjóð.**

1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að greiða kostnað við fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði tannheilsamála svo sem fræðslu um tannhirðu og tannvernd. Sjóðurinn er í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Árlega skal leggja sjóðnum til fé á fjárlögum.

3. gr.

Heilbrigðisráðuneytið hefur yfirstjórn á starfsemi sjóðsins. Tannheilsudeild ráðuneytisins gerir tillögur til ráðherra um fræðslu- og tannverndaraðgerðir á vegum sjóðsins og hefur um það samráð við tannlæknadeild Háskóla Íslands og Tannlæknafélag Íslands.

Fulltrúar fyrrnefndra aðila mynda tannverndarráð, og er yfirtannlæknir ráðuneytisins formaður þess.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum og tekur gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502/1986 með sama heiti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1991 skal framlag til sjóðsins skv. 2. gr. nema allt að kr. 10 000 000,00.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.